

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki með áorðnum breytingum.

1. gr.

32. gr. orðist svo:

Nám hafið að nýju.

Nú byrjar lánþegi lánshæft nám að nýju eftir að fyrra námi telst lokið skv. 29. gr. um námslok. Er sjóðstjórn þá heimilt að veita honum undanþágu, að hluta eða öllu leyti eftir atvikum, frá endurgreiðslum af fyrri skuld meðan síðara námið stendur yfir enda hafi lánþegi lagt fyrir sjóðstjórn upplýsingar um tekjur sínar, eignir, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta.

Námsmanni reiknast síðan önnur heildarskuld vegna síðara námsins og fer um greiðslur af henni eins og um sjálfstætt lán væri að ræða nema hvað heildargreiðslur á hverju ári skulu aldrei vera meiri en kveðið er á um í 30. og 31. gr. og vikur greiðsla af síðari skuld þá fyrir greiðslu af fyrri skuld þar til hún er að fullu greidd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. janúar 1991.

Svarar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

3. janúar 1991

Nr. 12

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Presthólahrepps og Öxarfjarðarhrepps í Norður-Þingeyjarsýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 3. janúar 1991 staðfest sameiningu Presthólahrepps og Öxarfjarðarhrepps í Norður-Þingeyjarsýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Öxarfjarðarhreppur.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja Öxarfjarðarhrepps skal fara fram laugardaginn 2. febrúar 1991, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja Öxarfjarðarhrepps, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu